

L Ö G

um alþýðutryggingar.

74

31. des.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 44. gr. laga, dagsettra í dag, um breyting á lögum nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar, höfum látið fella þessi lög inn í meginmál laga nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar, lagfæra og samræma allar tilvitnanir, og gefum þau út svo breytt:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Alþýðutryggingar teljast samkvæmt lögum þessum:

1. Slysatryggingar.
2. Sjúkratryggingar.
3. Elli- og örorkutryggingar.
4. Atvinnuleysistryggingar.

2. gr.

Stofnun sú, er annast tryggingarnar, heitir Tryggingarstofnun ríkisins. Þegar tryggingarnar koma til framkvæmda verða þær, hver um sig, sjálfstæð deild í tryggingarstofnuninni og hafa þar aðskilinn fjárhag. Engin deildanna ber ábyrgð á skuldbindingum annarar.

3. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins hefir heimili og varnarþing í Reykjavík, en umboðsmenn annarsstaðar þar sem þörf krefur.

4. gr.

Ríkisstjórnin hefir umsjón þeirra mála, sem heyra undir Tryggingarstofnun ríkisins, og setur reglugerðir eftir lögum þessum.

5. gr.

Heimilt er að fela Tryggingarstofnun ríkisins framkvæmdarstjórn skyldra opinberra stofnana, svo sem Samábyrgðarinnar, sbr. lög nr. 23 1921, og Brunabótafélags Íslands, sbr. lög nr. 26 23. júní 1932 og lög nr. 22 1. febr. 1936. Skal hver stofnun hafa sérskilinn fjárhag, og fer að öðru leyti um stjórn þeirra eftir því, sem ákveðið er í lögum þeirra og reglugerðum.

6. gr.

Ráðherra ræður forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins. Hann ræður og deildarstjóra, eftir því sem þörf krefur, svo og yfirlækni tryggingarstofnunarinnar og tryggingarfræðing, ef forstjóri eða deildarstjórar eru það ekki, að fengnum til lögum forstjórans. Fela má sama deildarstjóra forstöðu fleiri en einnar deildar. Forstjórinn stjórnar stofnuninni í samræmi við lög, reglugerðir og erindisbréf, er

74 honum verður sett. Hann afgreiðir málið í samráði við hlutaðeigandi deildarstjóra, 31. des. en ber sjálfur ábyrgð á ákvörðunum og úrskurðum.

Laun forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins og annara fastra starfsmanna skulu ákveðin í launalögum, en þangað til svo er gert, ákveður ráðherra launin.

Lífeyrissjóður Íslands og slysatryggingarsjóður greiða sameiginlega $\frac{3}{4}$ hluta af öllum kostnaði við Tryggingarstofnun ríkisins, og ákveður ráðherra hvernig kostnaðurinn skiptist milli þeirra á hverjum tíma. Ríkissjóður greiðir fyrst um sinn $\frac{1}{4}$ hluta kostnaðarins, en leggja má þann kostnað á deildir Tryggingarstofnunarinnar, ef fært þykir.

7. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna tryggingarráð eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna og leitast við að ná samkomulagi um, að tilnefningu sé hagað þannig, að einn meðlimur tryggingarráðs verði tryggingarfræðingur eða hagfræðingur og annar lögfræðingur. Á sama hátt skulu skipaðir þrír varamenn. Ráðherra ákveður þóknun tryggingarráðs.

Forstjóri stjórnar Tryggingarstofnun ríkisins, í samráði við tryggingarráð, undir yfirstjórn ráðherra, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Tryggingarráði er skylt að hafa eftirlit með því, að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir. Tryggingarráð leggur fullnaðarúrskurð á allar kröfur um slysa-, sjúkra- og örorkubætur og ellilífeyri (ellilaun), svo og um greiðslu iðgjalda, að svo miklu leyti sem ágreiningur er um. Skal tryggingarráð taka öll slík mál fyrir og að jafnaði kveða upp úrskurð innan 14 daga frá því að það fékk málið til meðferðar. Nú settir annarhvor aðili sig ekki við úrskurð tryggingarráðs, og má þá bera málið undir dómstólana.

Reikningar Tryggingarstofnunarinnar skulu endurskoðaðir á sama hátt sem reikningar ríkisstofnana.

II. KAFLI

Slysatryggingar.

8. gr.

Skyllt er að tryggja gegn slysum samkvæmt ákvæðum þessara laga:

1. Sjómenn þá, er hér greinir:
 - a. Farmenn, fiskimenn og aðra sjómenn, er lögskráðir eru á íslensk skip.
 - b. Fiskimenn og farmenn á róðrabátum og vélbátum, minni en 12 smál., er stunda fiskveiðar og hverskonar flutninga.
2. Verkamenn og starfsmenn, sem vinna fyrir kaupí í þeim atvinnugreinum, sem hér eru taldar:
 - a. Ferming og afferming skipa og báta, svo og vöruhúsavinna, vöruflutningar í sambandi við það, hverskonar bifreiðastjórn og stjórn aflvéla við jarðvinnslu.
 - b. Vinna í verksmiðjum og verkstæðum, þar með talið gas- og rafmagnsframleiðsla, vinna í sláturhúsum, mjólkurbúum og rjómbúum, námugróftur, bjargsig, fiskverkun, ísvinna og vinna við raflagnir.
 - c. Húsabyggingar, bæði smíði nýrra húsa og viðbætur og breytingar á eldri húsum. Undanþegnar þessum ákvæðum eru byggingar og viðgerðir á húsum í sveitum, öðrum en tvílyftum húsum og heyllöðum.
 - d. Vegagerð, brúagerð, hafnagerð, vitabyggingar, símalagningar og símaviðgerðir, svo og vinna við vatnsleiðslur, raforkuleiðslur og gasleiðslur. Ennfremur skulu tryggðir hafnsögumenn, lögregluþjónar, tollþjónar, vitaverðir

og starfsmenn við vita, sótarar, póstar og slökkvilið og aðrir þess háttar starfsmenn, ráðnir að opinberri tilhlutun.

- e. Skipasmíði, skipaviðgerðir, skipaviðhald og varðstaða á skipum við bryggju, í höfn eða í lagi, bátasmíði, bátaviðgerðir.
- f. Þvotta- og ræstivinna, þ. e. vinna í þvottahúsum, ræsting á gluggum, hreingerningar- og ræstivinna í skipum, skólum, verzlunum, skrifstofum, veitingahúsum og samkomuhúsum, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð.
- g. Sendisveinastörf.

Tryggingin nær til sendistarfa í þágu tryggingarskylds atvinnurekstrar og þess tíma, er fer til að fara frá og til vinnu.

Nú slasast maður eða bíður líftjón við björgun, eða tilraun til björgunar manns í lífsháska, skal hann þá, eða eftirlátnir vandamenn hans, eiga rétt til slysabóta eftir sömu reglum sem slysatryggðir menn.

Það er skilyrði fyrir tryggingarskyldu þeirra, sem nefndir eru í 2. tölulið, að starfið sé rekið fyrir reikning ríkis eða sveitarfélags, eða einstaklings eða félags, sem hefir það að atvinnu. Þó fellur þar undir smíði nýrra húsa og verulegar breytingar á eldri húsum, þar með talin öll utan- og innanhússmálning, þótt það sé framkvæmt fyrir reikning manna, sem ekki hafa húsasmíð að atvinnu.

Tryggingin samkv. tölul. 2 nær ekki til starfsfólks í skrifstofum eða í búð nema að því leyti, sem það vinnur að tryggingarskyldum störfum utan skrifstofu eða búðar.

Nú tekur maður að sér tryggingarskylt verk í ákvæðisvinnu, og ber hann þá ábyrgð á, að verkamennirnir séu tryggðir. Sé tryggingarskylt verk tekið í ákvæðisvinnu af félagsskap eða hóp manna, er verkið vinna, teljast þeir þá og tryggingarskyldir og bera sameiginlega ábyrgð á iðgjaldagreiðslunni.

Heimilt er atvinnurekendum að tryggja sjálfa sig og verkafólk, sem ekki er tryggingarskylt, með tryggingarskyldu verkafólki sínu, en segja verður hann til þess, þegar trygging er tilkynnt eða endurnýjuð.

Atvinnurekendur, svo og ríki eða sveitarstjórn, bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum þessum, enda sé starfið rekið fyrir þeirra reikning.

Heimilt er slysatryggingunni að taka að sér frjálsa tryggingu á einstökum mönnum, og nær það einnig til þeirra, sem tryggðir eru í skyldutryggingu. Skal þá jafnan gefa út sérstakt vátryggingarskirteini fyrir hvern einstakling. Slik trygging getur einnig náð til greiðslu dagpeninga í sjúkdómum. Jafnframt veitist slysatryggingunni heimild til að slysatryggja farþega í einkabifreiðum, sem bifreiðalög ná ekki yfir. Tryggingarstofnunin leiti endurtrygginga á þeim hluta af áhættu, sem fer fram yfir það hámark, er tryggingin telur fært að taka í eigin ábyrgð. Ráðherra ákveður með reglugerð alla nánari tilhögun á tryggingu þessari.

9. gr.

Það er bótaskyldt slys, er tryggður maður slasast eða deyr af slysi við þann atvinnurekstur, sem hann er tryggður í.

Til slysa telst hverskonar fingurmeið og handarmein, er menn fá við sjómennsku, fiskvinnu, sláturhúsavinnu og aðra þá vinnu, sem kunn er að því að vera hættuleg á þennan hátt, enda kenni menn meinsins fyrst á meðan þeir stunda vinnuna, eða innan þess tíma, er rekja megi orsakir þess til hennar.

Sama gildir um aðra atvinnusjúkdóma, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Sjómenn eru tryggðir fyrir slysum á sjó á tryggingartímabilinu, eða þegar þeir eru í landi, annaðhvort í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig, í erindum, sem leiðir af starfi þeirra sem sjómanna.

10. gr.

Valdi slysið meiðslum, skal slysatryggingin greiða bætur sem hér segir:

1. Ef meiðslin valda sjúkleika og vinnutjóni lengur en 10 daga, þá skal greiða þeim, sem fyrir slysinu varð, læknishjálp frá því að slysið vildi til, þar með talin nauðsynleg sjúkrahúsvist, og $\frac{3}{4}$ hluta lyfja og umbúðakostnaðar utan sjúkrahúss, en að fullu á sjúkrahúsi, svo og dagpeninga frá þeim tíma, er síðar segir, þangað til hann verður vinnufær, eða úrskurður er felldur um varanlega örorku, eða maðurinn deyr, þó ekki lengur en 6 mánuði. Dagpeningar eru 5 kr. á dag; þó mega þeir aldrei fara fram úr $\frac{3}{4}$ af dagkaupi mannsins við þá atvinnu, er hann hafði þegar slysið varð. Dagpeningar greiðast aldrei fyrir fyrstu 7 dagana eftir að hinn slasaði varð óvinnufær. Frá þeim tíma greiðast degpeningar, nema hinn tryggði haldi kaupum, sem er að minnsta kosti jafnhátt dagpeningunum, og hefjast dagpeningagreiðslur þá jafnskjótt og kaupgreiðsla fellur niður.
2. Útgerðarmanni skal skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna slysa, sem bótaskyld eru samkvæmt lögum þessum og hann ber samkv. 27. og 28. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, og ber slysatryggingunni þá að greiða slasaða, auk slysabóta samkvæmt 1. tölul. greinar þessarar, fullt kaup eða hlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.
3. Ef slysið hefir valdið varanlegri örorku, greiðast örorkubætur þeim, sem fyrir því varð. Fullar örorkubætur eru 6000 krónur, og greiðast þær, ef sá, sem fyrir slysinu varð, að dómi læknis tryggingarinnar, er algerlega ófær til nokkurrar vinnu þaðan í frá, en örorkubæturnar eru að því skapi lægri sem minna skortir á, að hann sé til fulls vinnufær, og engar, ef minna skortir en $\frac{1}{5}$ hluta.

11. gr.

Valdi slysið dauða innan árs frá því að það bar að höndum, greiðast dánarbætur sem hér segir:

1. Ekkja eða ekill hljóta 3000 krónur.
2. Barn, sem er á framfæri eftirlifandi foreldris, hlýtur 100 kr. fyrir hvert heilt ár, sem það vantar á að vera fullra 16 ára.
3. Barn, sem var á framfæri hins látna og á ekki eftirlifandi foreldri, hlýtur 200 krónur fyrir hvert heilt ár, sem það vantar á að vera fullra 16 ára.
4. Barn yfir 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær 1500 krónur.
5. Foreldri hlýtur minnst 500 kr. bætur, og allt að 1500 kr., eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.
6. Systkini hins látna, sem voru á framfæri hans, þegar slysið vildi til, hljóta dánarbætur á sama hátt og börn.

Ekkja eða ekill, sem ekki var samvistum við hið látna og ekki á framfæri þess, hlýtur engar dánarbætur. Kona, sem býr samvistum með manni án þess að vera gift honum, hefir sama rétt til dánarbóta og eiginkona, ef hún hefir fætt honum barn eða þau verið samvistum samfleytt í 18 mánuði. Sama gildir um karlmann, sem býr samvistum við konu án þess að vera kvæntur henni.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra, að fullnægðum sömu skilyrðum. Barn telst hafa verið á framfæri föðurins, þótt það fæðist að honum látnum.

Frá dánarbótum, sem greiddar skulu vandamönnum, skal draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkvæmt 10. gr. 3.

12. gr.

Til þess að standast útgjöld slysatryggingarinnar skulu þeir, er tryggingarskylda menn hafa í þjónustu sinni, greiða iðgjöld fyrir alla þá, sem þeim er skylt

að tryggja, og má ekki færa gjöldin þeim, sem tryggðir eru, til útgjalda. Iðgjaldaupphæðina ber að miða við slysaþættuna. Eftir slysaþættunni skal skipta þeim störfum og starfsgreinum, sem falla undir trygginguna, í flokka, og fyrir hvern flokk skal ákveðin sérstök iðgjaldsupphæð. Starfstíminn er talinn í vikum, og telst vikan eining við iðgjaldaákvörðun. Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 klst. í viku. Skal við ákvörðun iðgjaldanna hafa það fyrir augum, að þau samanlögð hrökkvi fyrir þeim bótum, sem slysatryggingunni ber að greiða. Skipverjar teljast í þjónustu útgerðarmanns, þó að þeir taki aflahlut í stað kaups.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjaldagrundvöllinn fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er stjórnarráðið setur, og ber að endurskoða hana 5. hvert ár. Þó getur stjórnarráðið hvenær sem er, þegar ástæða þykir til, gert breytingar á skiptingunni í áhættuflokka og á iðgjöldum, en slíkar breytingar koma ekki til framkvæmda fyrr en með þyrjun næsta almanaksárs á eftir.

Ef atvinnufyrirtæki nær yfir starfsemi, er fellur undir mismunandi áhættuflokka, reiknast iðgjöldin sérstaklega fyrir hvern hluta fyrirtækisins, eftir iðgjaldi þess áhættuflokks, sem það heyrir undir. Þó getur tryggingarstjórnin, ef erfitt er að halda þessu aðgreindu, ákveðið meðalíðgjald fyrir allt fyrirtækið eftir iðgjöldum um þeirra áhættuflokka, sem það fellur undir.

13. gr.

Iðgjöld sjómanna, sem tryggðir eru samkv. 8. gr. 1., reiknast eftir tíma þeim, sem sjómaðurinn er lögskráður eða ráðinn til, og telst í vikum frá lögskráningardegi, eða þeim degi, er hann kom í skiprúm.

Um leið og lögskráning fer fram, skal skráningarstjóri gera sérstaka skrá yfir tryggingarskylda skipverja, hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra iðgjöldin um leið og lögskráning fer fram.

Þegar formaður á vélbát eða róðrabát (sbr. 8. gr. 1.) hefir ráðið skipverja sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra), þar sem báturinn er gerður út, skrá yfir skipverjana ásamt iðgjaldi því, er greiða ber, en hreppstjóri sendir skrána og gjaldið til sýslumanns.

Útgerðarmenn róðrabáta og vélbáta, minni en 5 smálestir, greiða aðeins $\frac{7}{10}$ af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fullt iðgjald, greiðist úr rikissjóði. Skráningarstjóri sendir slysatryggingunni skrár þær, sem nefndar eru í 2. og 3. málsgr. greinar þessarar, sem fylgiskjöl með ársreikningi sínum. Hann skal og standa skil á iðgjöldunum samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

Áfallin slysatryggingariðgjöld hvíla sem lögveð á skipinu.

Lögreglustjóra eða umboðsmanni slysatryggingarinnar ber í innheimtulaun 3% af skipum, sem skráð er á, og 6% af róðrar- og vélbátum, sem eru minni en 12 lestir, nema öðruvisi sé um samið. Þar, sem hreppstjóri hefir innheimtuna á hendi, gengur helmingur innheimtulaunanna til hans.

14. gr.

Nú forfallast slysatryggður skipverji, og gengur ótryggður maður í skiprúm hans, og skal þá skylt að tryggja þann skipverja, svo sem að framan greinir, meðan hann er í því skiprúmi, þó aldrei skemur en eina viku. Iðgjald fyrir forfallaðan skipverja má endurgreiða fyrir það, sem eftir er af ráðningartímanum, þegar föllin stafa ekki af bótaskyldu slysi, enda hafi maðurinn gengið úr skiprúminu.

Útgerðarmaður eða formaður róðrabáta eða vélbáta, minni en 12 smálestir, getur með leyfi skráningarstjóra tryggt ákveðna tölu skipverja, ef sérstakar ástæður gera þess þörf.

Útgerðarmaður eða skipstjóri tilkynnir tafarlaust skráningarstjóra eða hreppstjóra mannaskiptin, og ábyrgist útgerðarmaður iðgjaldagreiðslu,

15. gr.

Sérhver forráðamaður atvinnufyrirtækis eða starfrækslu, sem nefnd er í 8. gr. 2., skal, þegar fyrirtækið tekur til starfa, senda hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík tollstjóra) tilkynningu samkvæmt fyrirmynd, er slysatryggingin gerir, með öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess að áætla iðgjaldagreiðslu þess. Eftir þeirri áætlun skal iðgjaldið greitt og innheimt fyrirfram. Sömu leiðis skal senda tilkynningu, ef fyrirtækið verður fyrir verulegum breytingum, er máli geta skipt að því er trygginguna snertir. Hreppstjóri sendir lögreglustjóra tilkynningar þessar, en lögreglustjórar gera samkvæmt þeim skrá yfir öll tryggingarskyld fyrirtæki, en annað eintak tilkynninganna senda þeir slysatryggingunni. Verkamenn teljast tryggðir frá heim tíma, er fyrirtækið byrjar.

Forráðamönnum fyrirtækis eða starfrækslu, er um getur í 8. gr. 2., er skylt að gera skrá samkvæmt vinnubókum fyrirtækisins, í því formi, sem slysatryggingin mælir fyrir um. Samrit af skrá þessum sendist hreppstjóra eða lögreglustjóra, og miðast hið endanlega iðgjald við þær. Lögreglustjóri sér um innheimtu iðgjaldanna og stendur skil á þeim, eftir nánari fyrirætlun stjórnarráðsins. Í innheimtu-laun ber að greiða 6%. Öll iðgjöld til slysatryggingarinnar hafa lögtaksrétt.

Lögreglustjóri getur, ef honum þykir ástæða til, eða slysatryggingin óskar þess, látið rannsaka vinnuskrár og bækur fyrirtækisins, til þess að fullvissa sig um, hvað fyrirtækinu beri að greiða í iðgjöld.

Heimilt er slysatryggingunni að taka að sér innheimtu iðgjalda í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti.

16. gr.

Nú er vanrækt að tilkynna tryggingarskyldan atvinnurekstur, eða greiða iðgjöld fyrirfram samkvæmt 13., 14. og 15. gr. fyrir tryggingarskylda menn, og skulu þeir þó jafnt teljast slysatryggðir samkvæmt lögum þessum, en hlutaðeigandi atvinnurekandi skal skyldur að greiða slysatryggingunni tvöföld iðgjöld þau, sem vangoldin eru, og auk þess sæta sektum.

17. gr.

Þegar slys ber að höndum, sem ætla má að greiða beri bætur fyrir samkvæmt lögum þessum, skal forráðamaður fyrirtækisins senda tafarlaust, og eigi síðar en innan 2 mánaða, tilkynningu um slysið í því formi, sem slysatryggingin skipar fyrir um, til lögreglustjóra eða hreppstjóra, er síðan sendir tilkynninguna áfram til lögreglustjóra. Ef lögreglustjóri álitur, að slysið veiti rétt til bóta frá slysatryggingunni, sendir hann tilkynninguna áfram til slysatryggingarinnar, ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ófullnægjandi upplýst, eða ef ástæða er til að ætla, að slysið hafi orsakað af hirðuleysi eða af lélegum útbúnaði, eða slysatryggingin óskar þess einhverra ástæðna vegna, skal lögreglustjóri halda réttarpróf í málinu. Því aðeins ber að taka til greina og senda til slysatryggingarinnar kröfur um bætur fyrir slys, er verða við atvinnurekstur, sem heimilt er að tryggja í frjálsri tryggingu, að tryggingar hafi verið heiðzt og iðgjöld verið greidd fyrirfram.

Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefir vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfur til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slysið varð.

Heimilt er að taka til greina tilkynningar, sem berast eftir að fyrrnefndur 2 mánaða frestur er liðinn, ef sannað er, að tilkynnandi á ekki sök á draettinum.

18. gr.

Undir eins og tryggingarstjórn hafa horizt nægar upplýsingar um slys og annað, sem til greina kemur um ákvörðun bóta, úrskurðar hún, hvort bætur skuli greiddast

samkvæmt lögum þessum og ákveður bæturnar. Ef um meiðsl er að ræða, eru bæt- 74
urnar fyrst ákveðnar til bráðabirgða (dagpeningar), þar til lækningu er lokið og 31. des.
maðurinn getur farið að stunda vinnu sína aftur, eða sjá má, hve mikið hann hefir
misst af vinnuþreki sínu. Endanlegur úrskurður skal þó kveðinn upp áður en ár
er liðið, nema læknir tryggingarinnar telji þörf á frekari drætti.

19. gr.

Eigi hinn tryggði rétt til slysabóta á hendur manni eða stofnun, skal hann, ef
hann krefst slysabóta frá slysaftryggingunni, framselja henni rétt sinn til bótanna,
ef hún óskar þess. Nú greiðast hærri bætur en framlögðum slysabótum nemur, og
fær hinn tryggði þá það, sem fram yfir er.

20. gr.

Þeir, sem stunda eða reka einhverja þá atvinnu eða störf, sem ekki eru trygg-
ingarskyld samkv. 8. gr., hafa rétt til að tryggja sjálfa sig eða verkamenn sína gegn
slysum. Slík frjáls trygging er þó því aðeins leyfð, að hún sé til ákveðins tíma og á
nafn, og því aðeins gild, að hún hafi verið tilkynnt og iðgjöld greidd fyrirfram. Ef
um er að ræða tryggingu við óskyld og misjafnlega áhættusöm störf, sem ekki er
hægt að aðgreina og skipa í sérstaka áhættuflokka, má ákveða fyrir slík störf
meðaltalsiðgjöld fyrir hverja viku tryggingartímabilsins.

21. gr.

Heimilt er atvinnurekendum að skipa 5 manna nefnd til þess að gæta hags-
muna sinna við skiptingu í áhættuflokka og ákvörðun iðgjalda. Í nefndinni eiga
sæti: einn fulltrúi fyrir gufuskipaútgerð, sem Félag íslenskra botnvörpuskipa-
eigenda skipar, tveir fyrir vélbáta- og róðrabátaútgerð, sem Fiskifélag Íslands skipar,
einn fyrir skipaafgreiðslu og hafnarvinnu, sem Verzlunarráð Íslands skipar, og
einn fyrir verksmiðjuíðnað, sem Landssamband iðnaðarmanna skipar.

Ef stofnaður verður almennur félagsskapur meðal atvinnurekenda í vélbáta-
og róðrabátaútgerð, skipaafgreiðslu og verksmiðjuíðnaði, fellur kosning fulltrúa
þessara atvinnugreina undir hann. Nefnd þessi getur gert tillögur um skiptingu í
áhættuflokka og um iðgjaldagreiðslu, og er skylt að leita álits hennar áður en á-
kvörðun er tekin um þau efni. Ennfremur hefir nefndin rétt til að velja einn mann
til þess að fylgjast með stjórn og rekstri slysaftryggingarinnar. Sama rétt hefir og
Alþýðusamband Íslands. Báðir þessir menn hafa aðgang að öllum skjölum slysa-
tryggingarinnar, og er stjórn hennar skylt að veita þeim allar upplýsingar, sem
þeir óska, viðvikjandi framkvæmd tryggingarinnar, enda er þeim heimilt að sækja
stjórnarfundir.

III. KAFLI

Um sjúkratryggingar.

22. gr.

Sjúkrasamlög samkvæmt lögum þessum eru tryggingarstofnanir, sem hafa það
hlutverk að tryggja samlagsmönnum, er ekki hafa hærri tekjur en í 24. gr. segir,
sjúkrahjálp og uppbót á fjárhagstjóni, sem veikindi valda.

23. gr.

Þar, sem sjúkrasamlög eru stofnuð, hefir sérhver maður, karl eða kona, eldri
en 16 ára og yngri en 67 ára, sem búsettur er á samlagssvæðinu eða stundar þar at-
vinnu lengur en 6 mánuði, rétt og skyldu til að tryggja sig í samlaginu, enda sé hann

74 ekki haldinn alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi, og fer um þetta eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Nú hefir tryggður maður notið sjúkrahús- eða hælisvistar vegna alvarlegs, langvinnis sjúkdóms, og nýtur hann þá ekki hlunninda þannig, að hann fái greidda sjúkrahúsvist eða aðra meiri háttar læknishjálp vegna þess sjúkdóms. Þeir, sem haldnir eru alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi, eiga rétt á að tryggja sig gegn öðrum óviðkomandi sjúkdómum. Menn 67 ára og eldri eiga rétt á tryggingu með sömu skilyrðum og aðrir, en eru ekki tryggingarskyldir.

24. gr.

Rétt til þeirra hlunninda, sem sjúkrasamlag veitir, eiga þeir meðlimir þess, sem á síðastliðnu ári hafa ekki haft hærri skattskyldar tekjur en 4500 krónur. Þó er stjórn sjúkrasamlags heimilt að ákveða í samþykktum sínum að veita þeim rétt til hlunninda, sem hærri tekjur hafa, ef þeir greiða að minnsta kosti helmingi herra iðgjald en aðrir samlagsmenn.

Hjón njóta því aðeins hlunninda, að samanlagðar tekjur þeirra fari ekki fram úr því, sem hér var sagt. Þó skal leyfður frádráttur frá þeim tekjum á kostnaði við aðstoð á heimili, sem leiðir beinlínis af vinnu húsmóður utan heimilis.

25. gr.

Kaupstaðir þeir, sem nú eru og síðar kunna að verða í landinu, skulu, hver um sig, vera sérstakt sjúkrasamlagssvæði. Ákveða má í reglugerð, að samlagssvæði kaupstaðar skuli, auk lögsagnarumdæmisins, ná yfir tiltekin svæði í grennd við hann.

26. gr.

Í hverjum kaupstað skal starfa sérstakt sjúkrasamlag. Ráðherra skipar formann samlagsins eftir tillögum tryggingarráðs, en bæjarstjórn kýs til viðbótar 2 eða 4 menn í stjórn, eftir því, sem bæjarstjórn ákveður. Skulu þeir kosnir samtímis, á sama hátt og til jafnlangs tíma og fastanefndir eru kosnar. Tryggingarstofnun ríkisins ákveður þóknun stjórnenda, er greiðist úr samlagssjóði.

27. gr.

Í hreppum utan sjúkrasamlagssvæða kaupstaðanna skal fara fram atkvæðagreiðsla um það, hvort stofna skuli sjúkrasamlag í hreppnum, ef hreppsnefndin ákveður eða fimmti hluti kjósenda æskir þess. Hreppsnefnd annast atkvæðagreiðsluna á sama hátt og sveitarstjórnarkosningar. Stofna skal sjúkrasamlag í hreppnum, ef meiri hluti þeirra, sem kosningarrétt hafa í málefnum sveitarfélagsins, greiðir atkvæði með því. Nú næst meiri hluti atkvæða með því að stofna sjúkrasamlag, án þess þó að sá meiri hluti sé meira en helmingur atkvæðisbærra manna í hreppnum, og skal þá fara fram atkvæðagreiðsla á ný innan fjöggra vikna, og ræður þá einfaldur meiri hluti greiddra atkvæða úrslitum. Sé fellt að stofna sjúkrasamlag, getur atkvæðagreiðsla ekki farið fram á ný fyrr en að ári liðnu.

Sama samlag getur náð til fleiri hreppa en eins, innan sama læknishéraðs eða jafnvel allra hreppa innan læknishéraðsins, sem samþykkt hafa stofnun samlags. Ákveður ráðherra, að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefnda og stjórnar Tryggingarstofnunar ríkisins, yfir hvaða samlagssvæði hvert sjúkrasamlag skuli ná.

28. gr.

Nái sjúkrasamlag aðeins til eins hrepps, skal stjórn þess skipuð 2 eða 4 mönnum, kosnum af hreppsnefnd. Standi fleiri hreppar en einn að sjúkrasamlagi, skulu þeir leggja til einn mann hver í stjórn samlagsins, kosna af hreppsnefndum, en standi tala stjórnarmanna þá á stöku skal hreppsnefnd þess hrepps, sem fleiri eða

flesta hefir tryggingarskylda meðlimi, kjósa 2 menn. Ráðherra skipar formenn samlaganna eftir tillögum tryggingarráðs.

Ef nýr hreppur er lagður til áður stofnaðs sjúkrasamlags, og það veldur því, að annar hreppur hefir fleiri menn í stjórn en honum ber samkvæmt því sem hér var sagt, þá falla niður umboð stjórnarmanna þess hrepps, og skal hreppsnefnd kjósa mann eða menn á ný, svo að stjórn samlagsins verði rétt skipuð.

Laun stjórnenda greiðast af samlaginu og skulu ákveðin í samþykktum þess.

29. gr.

Sjúkrasamlögín lúta öll yfirstjórn Tryggingarstofnunar ríkisins, sem hefir eftirlit með því, að alls sparnaðar sé gætt í rekstri þeirra, og er heimilt að setja reglur þar að lútandi, þar á meðal um starfsmannabald og launagreiðslur þeirra, að fengnum tillögum hvers samlags.

Samþykktir sjúkrasamlaga skulu samþykktar af ráðherra, að fengnum tillögum tryggingarstofnunarinnar.

30. gr.

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Ætíð skal þó sjúkrasamlag veita þá hjálp vegna veikinda, sem hér er talin:

1. Almenn læknishjálp hjá tryggingarlækni, þ. e. lækni, sem samlagið hefir samið við, eða Tryggingarstofnunin fyrir þess hönd, að fullu á sjúkrahúsi og hjá samlagslækni sjúklingsins á umsömdum vinnutíma samlagslæknisins, og að $\frac{3}{4}$ hlutum, ef sjúklingurinn vitjar annars læknis en samlagslæknis síns, enda séu slíkar vitjanir heimilaðar í samþykktum samlagsins eða í samningum þess við lækna. Læknishjálp fari fram í viðtalsstofu læknis, sé sjúklingurinn ferðafær og hægt að koma því við.
2. Lyf og umbúðir, sem Tryggingarstofnun ríkisins leyfir samlaginu að greiða og ávísuð eru af tryggingarlækni, greiðist að fullu á sjúkrahúsi og að $\frac{3}{4}$ hlutum utan sjúkrahúss.
3. Ókeypiss vist eftir ráði tryggingarlæknis í sjúkrahúsi, sem samlagið hefir samið við, eða tryggingarstjórn fyrir hönd þess.
4. Sjúkrasamlögum er ennfremur skylt að tryggja gegn sérstöku iðgjaldi þeim meðlimum sínum, sem þess óska, dagpeningagreiðslu, er þeir verða óvinnufærir sökum veikinda, og heimilt að gera slíka dagpeningatryggingu skylda öllum meðlimum sínum. Nánari reglur um dagpeningatryggingu skal setja í samþykktum, og má biðtími eigi vera skemmri en ein vika frá því hinn tryggði varð óvinnufær eða hætti að taka laun.

Heimilt er að ákveða í samþykktum sjúkrasamlaga viðtækari hjálp en hér er talin, þar á meðal fulla læknishjálp, læknisaðgerðir hjá öðrum en tryggingarlækni, styrk vegna barnsfæðinga, styrk upp í útfararkostnað, kostnað við læknisvitjun, hjúkrunarkostnað utan samþykkttra sjúkrahúsa o. s. frv.

Að jafnaði skulu samlagsmenn ekki eiga rétt til styrks fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er trygging þeirra hófst með iðgjaldagreiðslu, en heimilt er þó að ákveða annan biðtíma í samþykktunum. Í samþykktum er og heimilt að ákveða, að fólk, sem flyzt inn og út af samlagssvæði og verður þar tryggingarskyllt, fái dregið saman biðtíma sinn frá fleiri en einni dvöl, enda líði ekki yfir tiltekinn tíma á milli.

Sjúkrasamlögum er heimilt að semja um gagnkvæm réttindi og skyldur meðlima sinna, þannig að meðlimir annars samlagsins njóti fullra réttinda þegar þeir dvelja á samlagssvæði hins, enda greiði þeir iðgjöld sín þar.

Sjúkrasamlög greiða ekki sjúkrakostnað, sem skylt er að greiða samkv. sóttvarnarlögum eða öðrum sérstökum lögum.

74

31. des.

Leita skal staðfestingar Tryggingarstofnunar ríkisins á samningum sjúkrasamlaga við lækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar á ákvæðum 30. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins er heimilt, í samráði við landlækni, að semja fyrir sjúkrasamlög um slíkar greiðslur, ef hlutaðeigandi samlag óskar þess. Náist ekki samkomulag, eða að svo miklu leyti sem ósamið verður, er stjórn sjúkrasamlags heimilt að greiða læknishjálp, lyf og annan sjúkrakostnað meðlimum samlagsins eftir reglum, sem Tryggingarstofnun ríkisins setur, jafnvel þótt slík greiðsla nægi ekki til að standa straum af öllum kostnaði, er annars leiðir af ákvæðum 30. gr.

32. gr.

Börn samlagsmanna, yngri en 16 ára, sem eru á framfæri þeirra, fá sömu hjálp í veikindum og foreldri á rétt til, að dagpeningum undanteknum.

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal setja sérákvæði um iðgjaldaupphæð unglinga á aldrinum 16—21 árs, sem dvelja á heimili efnalausra foreldra og hafa ekki sjálfstæðar tekjur. Skal gefa eftir iðgjöld þessara unglinga, ef samanlagðar tekjur fjölskyldunnar eru undir vissu lágmarki, sem ákveðið sé í samþykktunum.

Kona, sem býr samvistum með manni án þess að vera gift honum, hefir sama rétt til sjúkrahjálpar og eiginkona, ef hún hefir fætt honum barn, eða þau verið samvistum samfleytt í 18 mánuði.

33. gr.

Meðlagskostnaður í sjúkrahúsi greiðist fyrir samlagsmenn og skyldulið þeirra samkvæmt 30. gr. í allt að 32 vikur á 12 mánuðum samfleytt. Aldrei greiðist þó áður greindur kostnaður fyrir lengri tíma en 26 vikur alls fyrir einn og sama sjúkdóm.

34. gr.

Ákveða skal í samþykktum sjúkrasamlaga upphæð iðgjalda tryggingarskyldra manna. Skulu þau ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur samlagsins nægi til þess að standa straum af skuldbindingum þess.

Heimilt er að ákveða í samþykkt sjúkrasamlags, að meðlimum, sem ekki leita hjálpar samlagsins árlangt eða lengur, skuli endurgreiddur hluti iðgjalda sinna, og fari upphæð endurgreiðslunnar eftir því, hve lengi meðlimur hefir greitt til samlagsins án þess að leita hjálpar þess.

35. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðir greiða, hvor um sig, í sjóð sjúkrasamlaga 25 af hundraði greiddra iðgjalda, þó ekki yfir 10 kr. fyrir hvern tryggðan mann.

Sjúkrasamlög, sem stofnuð verða í hreppum samkv. 27. gr., skulu tilkynna ráðherra stofnunina fyrir 1. apríl, og öðlast þau þá rétt til framlags úr ríkissjóði og sveitarsjóði samkvæmt lögum þessum frá næstu áramótum á eftir. Undanþágu frá þessu ákvæði má þó veita, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

36. gr.

Nú þykir sýnt, að sjóður sjúkrasamlags nægi ekki til að standa straum af skuldbindingum samlagsins. Skal stjórn þess þá gera hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn aðvart, sem þá getur ákveðið að gera ráðstafanir til aukinnar tekjuöflunar eða dregið úr hlunnindum þeim, sem samlagið veitir. Þó má aldrei skerða þau lágmarksréttindi, er um getur í 30. gr. (sbr. þó 31. gr.).

37. gr.

74

31. des.

Iðgjöld samkv. 34. gr. greiðast fyrirfram, eftir því sem nánar verður ákveðið í samþykktum. Bæjar- eða sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra manna sem eru á föstu sveitarframfæri. Einnig er rétt, að greidd séu úr bæjar- eða sveitarsjóði iðgjöld annara þeirra manna, sem fyrir fátæktar sakir hafa ekki getað staðið í skilum með iðgjöld sín, og fer um þessar greiðslur eftir reglum sem bæjar- eða sveitarstjórn setur og staðfestar eru af ráðherra. Gjaldið telst ekki sveitarstyrkur, en endurgreiðist, ef ástæður leyfa.

38. gr.

Ef tryggður maður nýtur sjúkrahjálpar utan samlagssvæðis, á hann rétt til sjúkrastyrks frá sjúkrasamlagi sínu, en þó eigi hærri en ef hann hefði notið hennar á samlagssvæðinu.

39. gr.

Nú flyzt maður, sem tryggður er í sjúkrasamlagi, burt af samlagssvæðinu, og á hann þá rétt til sjúkrastyrks, ef hann veikist á því tímabili, sem hann hefir greitt iðgjald fyrir, eftir sömu reglum og um getur í síðustu grein. Verði hann tryggingarskyldur á þeim stað, sem hann flyzt til, og greiðir þar iðgjöld, öðlast hann full réttindi þar jafnskjótt og tryggingartími hans er útrunninn þar sem hann var áður.

40. gr.

Eigi hinn tryggði rétt til slysabóta á hendur Slysatryggingu ríkisins eða skaðabótaskyldum manni eða stofnun, skal hann, ef hann krefst sjúkrastyrks, framselja hlutaðeigandi sjúkrasamlagi rétt sinn til bóttanna. Nú greiðast hærri bætur en framlögðum sjúkrastyrk nemur, og fær hinn tryggði þá það, sem fram yfir er, og jafnan skal hann fá þær bætur sem greiddar eru vegna þjáninga, líkamslýta eða aðrar slíkar miskabætur.

Heimilt skal útgerðarmanni að semja við sjúkrasamlag um, að það taki að sér, gegn aukagjaldi, þá áhættu, sem útgerðarmaður ber samkv. 27. og 28. gr. l. nr. 41 19. júlí 1930, enda greiðist hinum tryggða sú upphæð, er honum ber samkvæmt lögum þessum, ef hún reynist hærri en bætur þær, sem útgerðarmanni ber að greiða samkv. sjómannalögnum.

Ef heimild þessi er ekki notuð, á samlagið endurkröfurétt á útgerðarmann á þeim kostnaði, sem það kann að hafa greitt vegna veikinda skipverja fyrir þann tíma, sem útgerðarmaður ber ábyrgð á, en skipverjar greiða aðeins, meðan ráðningartíminn stendur, iðgjöld, sem svara til þeirrar áhættu, sem samlagið ber vegna skipverjanna eftir að ábyrgð útgerðarmanns er lokið.

Samskonar ákvæði gilda að því er snertir skyldur húsbænda gagnvart hjúum samkvæmt hjúalögum og meistara gagnvart iðnnemum samkvæmt lögum um iðnaðarnám.

41. gr.

Fastir starfsmenn skulu aldrei missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu 14 dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóms, en njóta skulu þeir kaupgreiðslu um lengri tíma, ef svo er mælt fyrir í sérstökum lögum, samningum eða venjum í þeirri starfsgrein.

Hafi tryggður aðaltekjur sínar af eigin atvinnurekstri eða eignum, skal hann ávallt talinn á launum hjá sjálfum sér fyrstu 14 dagana eftir að veikindi eða slys ber að höndum, en heimilt er samlagsstjórn að telja hann lengur á sjálfs sín launum, ef sannanlegt er, að tekjur hans rýrna ekki að neinu verulegu leyti vegna sjúkdómsforfalla hans.

74

31. des.

42. gr.

Vangoldin iðgjöld innheimta bæjarstjórnir og sveitarstjórnir hjá gjaldanda eða þeim, sem ábyrgð ber á greiðslunni (sbr. 86. gr.). Heimilt er stjórn sjúkrasamlags eða bæjar- eða sveitarstjórn, sem lagt hefir fram iðgjöld samkv. 37. gr., að krefjast þess af atvinnurekanda, sem tryggður maður vinnur hjá, að hann haldi ógoldnum iðgjöldum hans og konu hans eftir af kaupi hans eða gagnkvæmt og greiði það til sjúkrasamlagsins eða bæjar- eða sveitarsjóðs. Aldrei má þó halda eftir í þessu skyni hærri upphæð en nemur 10% af kaupi. Óhlýðnist atvinnurekandi þessu, þrátt fyrir tilkynningu, má innheimta iðgjaldið hjá honum með lög taki, ef á þarf að halda.

43. gr.

Greiði tryggingarskyldur maður ekki iðgjald sitt á gjalddaga, skal honum þó gefinn frestur, 14 dagar í kaupstöðum en einn mánuður utan kaupstaða, til að greiða gjaldið, án þess að réttur hans skerðist við það. Þegar sá frestur er liðinn, fellur réttur hans til sjúkrastyrks niður, en þó skal honum heimilt á næstu 6 mánuðum að greiða áfallin gjöld, og öðlast hann þá full réttindi aftur frá þeim tíma, er gjaldið er greitt. Greiðist iðgjaldið síðar, öðlast hann réttindi sem nýr meðlimur, sbr. 30. gr., 3. mgr.

44. gr.

Tillög ríkissjóðs og bæjar- og sveitarfélaga greiðast ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við greidd iðgjöld á næsta ársfjórðungi á undan.

45. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni, að fengnum tillögum frá Tryggingarstofnun ríkisins, að stofna jöfnunarsjóð sjúkrasamlaga. Sjóði þessum skal aflað tekna á þann hátt, að vinnukaupendur greiði allt að einum af hundraði umsaminna vinnulauna, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Tillagið til jöfnunarsjóðs skal aðeins lagt á í þeim bæjarfélögum eða hreppum, þar sem sjúkrasamlag er stofnað. Nú er stofnað sjúkrasamlag eftir að jöfnunarsjóður sjúkrasamlaga er stofnaður, og skal þá leggja samsvarandi gjald á vinnulaunagreiðslur í hreppnum, sem svarar til þess, að sjúkrasamlag hefði verið þar frá upphafi, þó með tilliti til greiðslna, er farið hafa fram úr jöfnunarsjóði sjúkrasamlaga áður eftir því sem ákveðið verður í reglugerð, þó aldrei yfir 1½% gjald í upphafi.

Jöfnunarsjóði skal stjórnað af Tryggingarstofnun ríkisins. Úr jöfnunarsjóði má greiða styrk til einstakra sjúkrasamlaga, sem orðið hafa fyrir svo miklum útgjöldum vegna veikinda samlagsmanna, að sjóðir þeirra hrökkva ekki til. Veittan styrk skal sjúkrasamlagið endurgreiða jöfnunarsjóði að hálfu á næstu fimm árum, með hækkun iðgjalda, ef með þarf, eða annari tekjuöflun.

IV. KAFLI

Ellí- og örorkutryggingar.

46. gr.

Stofna skal almennan lífeyrissjóð, er nefnist Lífeyrissjóður Íslands. Honum er ætlað það hlutverk, að veita ellí- og örorkulífeyri, eftir því, sem nánar er mælt fyrir í þessum kafla.

47. gr.

Sjóðurinn myndast á þann hátt, er hér segir:

1. Af iðgjöldum tryggingarskyldra manna.
2. Af sjóðum þeim, sem ræðir um í 62. gr. hér á eftir, þegar hlutverki þeirra sam-

kvæmt þeirri grein er lokið, svo og af ellistyrktarsjóðum, þegar hlutverki þeirra er lokið skv. VI. kafla þessara laga. 74

31. des.

48. gr.

Tryggingarskyldur er sérhver íslenzkur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenzkt skip, nema annað sé fyrir mælt í lögum þessum. Tryggingarskyldan hefst með fullnuðum 16 ára aldri og lýkur með fullnuðum 67 ára aldri.

Sanni íslenzkur ríkisborgari, sem er lögskráður á íslenzkt skip, en heimilisfastur erlendis, að hann greiði þar iðgjöld til almenns elli- og örorkulífeyrissjóðs, er hann ekki tryggingarskyldur hér.

49. gr.

Sérhver tryggingarskyldur maður, karl og kona, skal árlega greiða iðgjald í Lífeyrissjóð Íslands, sem nemur:

1. 7 krónum fyrir þá, sem heimilisfastir eru í kaupstöðum, 6 krónum fyrir þá, sem heimilisfastir eru í kaптúnunum þeim, er hafa yfir 300 íbúa, og 5 krónum fyrir þá, er annarsstaðar eru heimilisfastir.
2. Einum af hundraði af skattskyldum árstekjum, sbr. l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Heimilt er tryggingarskyldum manni að greiða fyrir sig fram til lífeyrissjóðs á hvaða tíma sem er iðgjöld sín samkvæmt l. tölulið þessarar gr., eða hluta þeirra, eftir þeim reglum, er tryggingarstofnunin setur, sem miða skal við það, að báðir aðiljar séu skaðlausir. Fyrirframgreiðslan skal ganga til þess að færa niður ógöldin, árleg iðgjöld hins tryggða.

Stofnun, félag eða fyrirtæki, sem stofnað hefir fyrir starfsfólk sitt eða meðlimi eftirlaunasjóð, sem veitir sjóðfélögum meiri réttindi til elli- og örorkulífeyris en Lífeyrissjóður Íslands veitir, getur sótt um viðurkenningu Tryggingarstofnunar ríkisins á starfsemi sjóðsins. Þegar sú viðurkenning er fengin, fær sérhver sjóðfélagi endurgreiðslu á lífeyrissjóðsiðgjaldi sínu, sem nemur meðaliðgjaldi til Lífeyrissjóðs Íslands fyrir sjóðfélaga og konu hans á þeim tíma og á sama stað, sem sjóðurinn starfar, þó aldrei hærrí upphæð en nemur greiddum iðgjöldum þeirra. Skilyrði fyrir slíkri viðurkenningu eru þó, að sjóðurinn skuldbindi sig til að greiða af iðgjaldainnlögum hvers sjóðfélaga, sem úr sjóðnum kann að fara, jafnmikla upphæð til Lífeyrissjóðs Íslands, sem hann hefir fengið frádrátt á fyrir hlutaðeigandi sjóðfélag, ásamt vöxtum.

50. gr.

Undanþegnir hinni árlegu iðgjaldagreiðslu samkv. 49. gr. eru þó þeir, sem allt undanfarið ár hafa

1. notið örorkulífeyris úr Lífeyrissjóði Íslands,
2. notið opinbers styrks samkvæmt ákvæðum laga um styrkveitingar til þeirra manna, sem haldnir eru alvarlegum, langvinnum sjúkdómi,
3. dvalið í fangelsum, vinnuhælum eða öðrum slíkum stofnunum, samkvæmt opinberri ráðstöfun,
4. greitt iðgjöld samkvæmt sérákvæðum 62. gr. hér á eftir.

Bæjar- og sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra gamalmenna á aldrinum 60—67 ára, sem vegna fátæktar eru þess ekki megnugir. Fer um þær greiðslur eftir reglugerð, er bæjar- og sveitarstjórnir setja og staðfestar eru af ráðherra.

51. gr.

Greiðslur ellilífeyris hefjast þegar hinn tryggði verður 67 ára.

Sé hinn tryggði ekki að neinu leyti á opinberu framferi né njóti styrks sam

74 kvæmt lögum þessum, er honum heimilt að fá greiðslum ellilífeyris frestað um eitt ár í senn. Sé greiðslum frestað, hækkar árslífeyrir hins tryggða sem hér segir:

68 ára gamall maður fær	13%	i viðbót.
69 — — — — —	30%	— —
70 — — — — —	50%	— —
71 árs eða eldri	75%	— —

52. gr.

Örorkulífeyrir greiðist á aldrinum 16—67 ára, en sá telst öryrki samkvæmt þessum lögum, sem ekki er lengur fær um, við störf, er samsvara lífskröftum hans og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af honum, með hliðsjón af uppeldi hans og undanfarandi starfa, að vinna sér inn helming þess, er andlega og líkamlega heilbrigðir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði.

Réttur til greiðslu örorkulífeyris hefst, með þeim undantekningum, er um ræðir í 54. og 55. gr., þegar hinn tryggði er úrskurðaður öryrki, og telst frá þeim tíma, er umsókn um lífeyrinn kemur í hendur Tryggingarstofnun ríkisins eða umboðsmanni hennar, nema talið sé í úrskurðinum, að örorkan hafi síðar hafizt, en þá reiknast rétturinn frá þeim tíma, er örorkan hófst.

53. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins er heimilt að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að tryggingarskyldir menn og konur, eiginmenn þeirra og eiginkonur verði öryrkjar, með því að láta þá læra störf við þeirra hæfi, veita þeim viðeigandi læknishjálp, æfa þá við notkun umbúða, gervilíma, glæraugna, sjúkravagna og annara tækja, ef fyrirsjáanlegt er, að vanræksla á þessu hafi í för með sér verulega rýrnun á starfsgetu hins tryggingarskylda í nánustu framtíð. Sama gildir um þá, sem þegar eru orðnir öryrkjar, ef líkur eru til, að slíkar ráðstafanir muni geta veitt þeim aftur starfsgetu þeirra eða bætt hana að verulegum mun. Neiti hinn tryggingarskyldi, eða sá, er nýtur örorkulífeyris, að hlíta slíkum ráðstöfunum af hálfu tryggingarstofnunarinnar, getur hún ákveðið, að hann hafi með neitun sinni fyrirgert að nokkru eða öllu leyti réttindum til örorkulífeyris. Þó skal hún jafnan áður en slík ákvörðun er tekin senda í ábyrgðarbréfi þeim, er hlut á að máli, tilkynningu um það, hvaða áhrif neitun hans getur haft. Enginn er þó skyldur að hlíta lækniáðgerð, sem getur haft í för með sér hættu á lífi hans eða limum.

Tryggingarstofnunin getur ennfremur ákveðið, þegar svo stendur á sem í 1. málsg. segir, að veita skyldutryggðum og þeim, er njóta örorkulífeyris eða ellilauna, hjálp til þess að byrja sjálfstæða atvinnu, með því að styrkja þá til náms, bóklegs eða verklegs, til þess að kaupa vinnuvélar og veita þeim aðstoð til þess að afla sér vinnu.

Allur kostnaður af ráðstöfunum þessum greiðist af örorkutryggingunni.

54. gr.

Enginn maður getur notið örorkulífeyris fyrir sama tíma sem hann

1. nýtur sjúkrastyrks samkvæmt reglum þessara laga um sjúkra- og slysa-tryggingar,
2. nýtur opinbers styrks samkvæmt ákvæðum laga um styrkveitingar til þeirra manna, sem haldnir eru alvarlegum langvinnnum sjúkdómi,
3. dvelur í fangelsum, vinnuhælum eða öðrum slíkum stofnunum, samkvæmt opinberri ráðstöfun, enda sé dvalartíminn á hælínu eða stofnuninni skemmst einn mánuður.
4. nýtur lífeyris úr öðrum sjóði samkvæmt sérákvæðum 62. gr. hér á eftir.

55. gr.

74

Réttur til þess að fá útborgaðan fullan árlegan elli- eða örorkulífeyri er bundinn því skilyrði, að aðrar árlegar tekjur þess, sem í hlut á, reiknaðar samkvæmt reglum í 3. málsg., fari eigi fram úr $\frac{1}{3}$ af árlegri lífeyrisgreiðslu.

Ef tekjurnar eru meiri, skal draga frá lífeyrinum 60% af þeirri upphæð, sem árstekjurnar eru umfram þriðjung fullrar lífeyrisupphæðar.

Tekjurnar, sem koma til greina, eru reiknaðar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Til ársteknanna telst allt það, sem hlutaðeigandi hefir unnið sér inn á síðastliðnu almanaksári, sbr. þó 2. tölul., fastur styrkur frá opinberum sjóðum, að undanskildum örorkulífeyri, eftirlaun og tekjur af eignum.
2. Af því, sem öryrkjar vinna sér inn sjálfir, skal eigi við ákvörðun teknanna tekið tillit til upphæðar, sem nemur allt að 30% af upphæð fullrar árlegrar lífeyrisgreiðslu.
3. Ef aðeins annað hjóna, sem búa saman, á rétt á að fá útborgaðan örorkulífeyri, reiknast árstekjurnar vera helmingur af árstekjum beggja.
4. Eftir að árstekjurnar hafa verið ákveðnar eftir þessum reglum, er upphæð þeirra gerð deilanleg með 10, þannig, að upphæð, er nemur 5 kr. eða meiru, er hækkuð upp í 10 kr., en minni upphæð sleppt, og gildir sú upphæð, er þá kemur fram, þegar ákveða skal örorkulífeyri samkv. 1. og 2. mgr.

56. gr.

Örorkubætur frá slysatryggingardeild Tryggingarstofnunar ríkisins renna í Lífeyrissjóð Íslands, ef sá, sem bæturinn á að fá, er tryggingarskyldur, en þó því aðeins, að örorkubætur séu greiddar sökum þess, að vinnuhæfni hlutaðeigandi manns sé skert að meiru en hálfu, og aldrei hærrí upphæð en þyrfti til að kaupa fullan lífeyri.

57. gr.

Nú á tryggður maður rétt til skaðabóta á hendur öðrum vegna slysa, og á hann þess þá kost að afsala sér skaðabótaréttindum til Lífeyrissjóðs Íslands, gegn því að hann fái greiddan lífeyri eftir ákvæðum þessara laga, enda fullnægi hann að öðru leyti þeim skilyrðum, sem í lögnum eru sett fyrir lífeyrisgreiðslum. Þó þarf hann aldrei að afsala sér hærrí upphæð en nægja mundi til að kaupa fyrir fullan lífeyri.

Kjósi hann heldur að halda sjálfur skaðabótaréttindum, missir hann rétt til örorkulífeyris að nokkru leyti eða öllu, eftir úrskurði tryggingarstjórnar.

58. gr.

Áður en lífeyrisgreiðslur hefjast samkv. 91. gr. síðari máls., skal ákveða með lögum upphæð árlegs elli- og örorkulífeyris einstaklinga og hjóna, í Reykjavík, kaupstöðum, kauptúnum með yfir 300 íbúum og annarsstaðar. Skal tryggingarstofnunin halda sérstakan reikning yfir tekjur lífeyrissjóðs, persónugjöld og tekjuskattstillög úr hverju bæjarfélagi, kauptúnum með yfir 300 íbúum og annarsstaðar.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar tryggingarstofnunarinnar, nánari reglur um bókhald á tekjum lífeyrissjóðs og um, hvernig skýrslur verði teknar um dvalarstaði manna, er þeir hafa greitt iðgjöld sín.

59. gr.

Umsóknir um elli- og örorkulífeyri sendist til umboðsmanns Tryggingarstofnunar ríkisins á þeim stað, þar sem umsækjandi er heimilisfastur. Umsókninni skal fylgja skýrsla undirrituð af umsækjanda, ef unnt er, og í því formi, sem tryggingarstjórn ákveður, með upplýsingum um öll þau atriði, sem máli skipta, þegar ákveða

74 skal rétt umsækjanda til elli- og örorkulífeyris. Auk þess skulu tveir menn, ná-
 31. des. kunnugir högum umsækjanda, undirskrifa yfirlýsingu um að upplýsingar þær, sem skýrslan hefir að geyma, séu sannleikanum samkvæmar. Umsókninni skal fylgja skírnarvottorð, og auk þess, þegar sótt er um örorkulífeyri, vottorð frá tryggingarlækni um heilbrigðisástand umsækjandans. Umboðsmaðurinn skal athuga vandlega allar umsóknir, sem honum berast, og ber honum að líta eftir, að skýrslurnar hafi að geyma þær upplýsingar, sem krafizt er, prófa sannleiksgildi þeirra og leiðrétta, ef rangar eru, og að því búnu senda umsóknirnar til Tryggingarstofnunar ríkisins, sem sker úr því, hvort umsækjandi eigi rétt á lífeyri og ákveður upphæð hans samkvæmt lögum þessum.

Skal úrskurður felldur innan 14 daga frá því að Tryggingarstofnun ríkisins barst umsóknin í hendur, nema brýn nauðsyn sé á að afla nýrra upplýsinga og þær fáið ekki í tæka tíð.

60. gr.

Lögreglustjóri annast innheimtu iðgjaldanna. Af iðgjöldunum skulu innheimtu-
 menn fá 2% fyrir innheimtuna.

Bæjar- og sveitarfélög greiði iðgjöld samkvæmt 49. gr. 1. tölulið þeirra trygg-
 ingarskyldra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri.

61. gr.

Sveitar- og bæjarstjórnir skulu fyrir 1. febrúar ár hvert gera skrá yfir alla þá, sem eru heimilisfastir innan hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélags og í byrjun al-
 manaksársins hafa náð 16 ára aldri, en yngri eru en 67 ára. Skráin skal greina nöfn, heimili, atvinnu, fæðingarár og dag allra þeirra, sem á hana eru færðir, og enn-
 fremur upplýsingar um það, hvort nokkur, sem þar er talinn, hafi á síðastliðnu ári á undan verið undanþeginn iðgjaldagreiðslu.

Skráin sendist síðan hlutaðeigandi skattanefnd, í Reykjavík skattstjóra, sem rannsakar, hverjir af þeim, sem á skrána eru færðir, eru undanþegnir gjaldskyldu, og ákveður síðan, hve mikið hverjum gjaldskyldum ber að greiða á iðgjald. Gjald-
 skráin sendist síðan lögreglustjórum, sem annast innheimtuna.

Afrit af gjaldskrá skal liggja frammi almenningi til sýnis, samtímis skattskrám.

Kæra má til yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og gilda um kærur út af tekjuskatti.

62. gr.

Lífeyrissjóður embættismanna og ekkna þeirra, sbr. lög nr. 51 1921, og líf-
 eyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra, sbr. lög nr. 33 1921, skulu lagðir undir
 stjórn Tryggingarstofnunar ríkisins, og hvorum um sig haldið þar sérskildum. Þeir
 embættismenn og barnakennarar, sem nú greiða iðgjöld í sjóði þessa, skulu gera það
 framvegis eftir sömu reglum og áður, enda eru þeir og konur þeirra ekki trygg-
 ingarskyldir samkvæmt ákvæðum þessara laga um elli- og örorkulífeyri.

Sjóðfélagar í eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands samkvæmt lög-
 um nr. 10 15. apríl 1928 og sjóðfélagar í eftirlaunasjóði Útvegsbanka Íslands skulu
 undanþegnir iðgjaldagreiðslum til Lífeyrissjóðs Íslands. Ef sjóðfélagi missir félags-
 réttindi sín, ábyrgist eftirlaunasjóður fulla greiðslu til Lífeyrissjóðs Íslands á fjár-
 hæð þeirri með vöxtum og vaxtavöxtum, er þeim manni hefði borið að greiða til
 Lífeyrissjóðs Íslands, ef hann hefði ekki notið þessarar undanþágu.

V. KAFLI
Atvinnuleysistryggingar.

74

31. des.

63. gr.

Félög karla og kvenna, sem vinna hverskonar daglaunavinnu svo og annara, sem vinna gegn launum við samskonar vinnu, svo sem sjómenn, starfsfólk við iðju, iðnaðarmenn, verzlunar- og afgreiðslufólk, skrifstofufólk, starfsmenn við bifreiðaflutninga á mönnum og vörum, þjónustufólk í veitingahúsum, og önnur sambærileg félög, sem stofnað hafa atvinnuleysissjóði innan félagsins, eiga rétt á staðfestingu atvinnumálaráðherra sjóðnum til handa og hlunnindum samkv. lögum þessum, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða. Atvinnumálaráðherra hefir eftirlit með starfsemi sjóðanna.

64. gr.

Markmið atvinnuleysissjóða má eingöngu vera að tryggja sjóðfélaga gegn atvinnuleysi, sem ekki stafar af þeim orsökum, sem um getur í 71. gr.

65. gr.

Skilyrði fyrir því, að atvinnuleysissjóður geti fengið staðfestingu ráðherra eru:

1. Að sjóðfélagar séu ekki færri en 50 og vinni að sömu eða svipaðri starfsgrein, eða eigi við svipuð vinnuskilyrði að búa.
2. Að félagið sé heimilisfast í einhverjum kaupstaðanna eða kauptúnanna, og sjóðfélagar allir búsettir í kaupstaðnum, kauptúninu eða nágrenni. Í hverjum kaupstað eða kauptúni um sig getur ekki nema einn atvinnuleysissjóður innan sömu starfsgreinar notið hlunninda samkvæmt lögum þessum, né fengið staðfestingu ráðherra.
3. Að samþykktir atvinnuleysissjóðsins og starfstilhögum sé í samræmi við það, sem hér fer á eftir.

66. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins semur fyrirmynd að samþykktum handa atvinnuleysissjóðum.

Samþykktirnar skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingarstofnunar ríkisins. Á sama hátt skal fara um breytingar á samþykktum.

67. gr.

Enginn getur orðið sjóðfélagi eða haldið áfram að vera það, sem á eignir, er nema meira en 5000 kr. fyrir einhleypan mann, og 10000 kr. fyrir hjón. Við ákvörðun eigna skulu ekki taldir innanstokksmunir fatnaður og bækur.

Enginn getur orðið sjóðfélagi, sem er yngri en 16 ára né eldri en 67 ára.

Enginn getur verið sjóðfélagi samtímis í fleiri en einum sjóði.

68. gr.

Engum má neita um rétt til að gerast sjóðfélagi, sem fullnægir upptökuskilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

Rétt hafa menn til að gerast styrktarfélagar atvinnuleysissjóðs, þótt þeir fullnægi ekki þeim skilyrðum, sem gerð eru til sjóðfélaga. Greiða styrktarfélagar lágmarksgjöld til sjóðsins, eftir því sem ákveðið verður í samþykkt hans, en ekki hafa þeir rétt til styrks úr sjóðnum.

74

31. des.

Í samþykktum skal ákveða árstíllög sjóðfélaga og styrktarfélaga og hvernig þau greiðast. Sjóður félagsins skal ávaxtaður í sparissjóði, þannig, að sjóðurinn sé ávallt til í handbæru fé.

Einnig skal ákveðið í samþykkt um styrkveitingar úr sjóðnum. Veittur styrkur má aldrei nema meiru en $\frac{3}{5}$ af þeim launum, sem greidd eru í hlutaðeigandi starfsgrein á sama tíma.

70. gr.

Í samþykktum atvinnuleysissjóða skal ákveða, hve langur biðtími skuli líða til þess er sjóðfélagi á rétt til styrks, og má sá tími vera mismunandi langur, eftir því hver starfsgreinin er. Biðtími telst sá tími, sem sjóðfélagi hefir verið atvinnulaus á undanförunum 12 mánuðum, og sanna verður hann með vottorði vinnumiðlunarskrifstofu, að hún hafi ekki getað útvegað honum atvinnu á þeim tíma. Biðtíma skal ákveða með hliðsjón af venjulegum atvinnutíma í starfsgreininni á staðnum.

Að jafnaði skulu sjóðfélagar ekki eiga rétt til styrks fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er trygging þeirra hófst með iðgjaldagreiðslu, enda hafi þeir greitt iðgjöld sín fyrir 6 mánuði. Einhleypir menn skulu ekki eiga rétt til styrks úr sjóðnum vegna atvinnuleysis eingöngu í desember og janúar ár hvert, nema sérstaklega standi á og samþykki ráðherra komi til.

71. gr.

Staðfestur atvinnuleysissjóður má ekki veita atvinnuleysisstyrk:

1. Til manna, er þátt taka í verkfalli eða verkþann nær til.
2. Til þeirra manna, er njóta slysa-, sjúkra- eða örorkustyrks samkvæmt lögum þessum, eða eru á opinberu framfæri vegna langvarandi veikinda.
3. Til þeirra, sem misst hafa atvinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem vegna drykkjuskaparóreglu.
4. Til þeirra, sem sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutun.
5. Til þeirra, sem neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutun vinnumiðlunarskrifstofu samkvæmt lögum um vinnumiðlun, eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó því aðeins, að ekki hvíli verkfall eða verkþann á vinnunni, enda sé kaupgjald og vinnutími í samræmi við taxta, sem viðurkenndur er af verklýðsfélagi á staðnum. Hundraðsgjald og hluti af afla eða annari framleiðslu telst kaupgjald.
6. Til þeirra, sem ekki hafa fyrir öðrum að sjá og hafa eða gætu sannanlega haft þær árstekjur, að nægi þeim til fulls lífsframfæris.

72. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóður eða sveitarsjóður greiða hvor um sig framlög til atvinnuleysissjóða ófaglærðra daglaunamanna og sjómanna, er nema árlega frá hvorum aðila 50 af hundraði greiddra iðgjalda sjóðfélaga, þó ekki yfir 6 krónur á ári fyrir hvern tryggðan mann úr ríkissjóði og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði, hvorum fyrir sig, og ekki yfir 75000 kr. á ári úr ríkissjóði, nema heimild komi til í fjárlögum.

Til annara atvinnuleysissjóða greiða ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóðir eða sveitarsjóðir framlög, er miðast við atvinnuleysisstyrk þann, er sjóðirnir hafa úthlutað af framlögum sjóðfélaga. Nema framlög hvors aðila um sig því, sem hér segir.

Ef meðalvinnutekjur í starfsgrein sjóðfélaga nema árlega minnu en 3000 krónum, greiðast 25%. Ef tekjurnar eru yfir 3000 kr., en undir 4000 kr., greiðast 20%. Ef tekjurnar eru yfir 4000 kr., en undir 5000 kr., greiðast 15%.

73. gr.

Stjórn staðfests atvinnuleysissjóðs skal árlega senda Tryggingarstofnun ríkisins endurskoðaða reikninga sjóðsins, og skal tryggingarstofnunin hafa eftirlit með því, að sjóðirnir starfi lögum samkvæmt.

Hefir hún rétt til að krefjast skýrslna um allt, sem sjóðinn varðar, og aðgang að skjölum hans og skilríkjum.

Atvinnuleysissjóðir, sem stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, skulu tilkynna ráðherra stofnunina fyrir 1. apríl, og öðlast þeir þá rétt til framlags úr ríkissjóði, bæjar- eða sveitarsjóði, samkvæmt lögum þessum, frá næstu áramótum á eftir. Þetta ákvæði gildir þó ekki um þá atvinnuleysissjóði, sem stofnaðir eru á árinu 1936.

74. gr.

Sá, sem gerist sekur um svik gagnvart sjóðnum, hefir fyrirgert rétti sínum til þess að vera sjóðfélagi og til styrks úr sjóðnum. Sé um minni háttar yfirsjón að ræða, getur félagið þó heimilað honum réttindi til atvinnuleysissjóðs á ný. Svo getur félagið og ákveðið, að fyrir slíkar eða aðrar yfirsjónir skuli svipta mann, sem brotlegur hefir gerzt, styrk úr sjóðnum um tiltekinn tíma.

VI. KAFLI

Um ellilaun og örorkubætur.

75. gr.

Þar til Lífeyrissjóður Íslands greiðir 50% af fullum elli- og örorkulífeyri, greiðast ellilaun og örorkubætur samkvæmt fyrirmælum þeim, er hér fara á eftir.

76. gr.

Ellistyrktarsjóðir þeir, sem nú eru til, skulu ávaxtaðir á sama hátt og verið hefir. Þó skal fé þeirra, ef það verður handbært, flytjast í Lífeyrissjóð Íslands og ávaxtast þar, og ávalt skal stofnun sú, er ávaxtar sjóðina, greiða ársvextina að fullu.

77. gr.

Til örorkubóta og ellilauna skal árlega varið:

1. Árlegum vöxtum af ellistyrktarsjóðum.
2. Tillagi frá Lífeyrissjóði Íslands eftir því sem ákveðið er í 79. gr.
3. Framlögum úr bæjar- og sveitarsjóðum eftir ákvörðun bæjar- og sveitarstjórna.

78. gr.

Til þess að gera lífeyrissjóðnum kleift að standa straum af framlögum samkvæmt 2. tölul. 77. gr., skal ríkissjóður leggja honum árlega í næstu 50 ár 200 þúsund krónur.

79. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins skal reikna út í lok hvers árs, hve miklu árstíllag lífeyrissjóðs, samkvæmt 2. tölulið 77. gr., nemi.

Upphæðin er fundin á þann hátt sem hér segir:

Tryggingarstofnunin leggur til grundvallar síðustu skýrslur um tölu gamalmenna, yfir 67 ára, á öllu landinu. Árstíllag lífeyrissjóðs fæst þá með því að margfalda tölu gamalmennanna með kr. 52.50. Gildir regla þessi þangað til Lífeyrissjóður Íslands byrjar að greiða elli- og örorkulífeyri, sbr. 91. gr. Eftir þann tíma dregst frá árstíllagi lífeyrissjóðs helmingur af öllum lífeyrisgreiðslum á árinu.

31. des. Lífeyrissjóður greiðir árlega hverju bæjar- og sveitarfélagi til ellilauna- og örorkubóta:

1. Vexti af ellistyrktarsjóði bæjar- og sveitarfélagsins og ennfremur hluta þess að $\frac{1}{4}$ af framlagi lífeyrissjóðs samkv. 77. gr. 2. tölulið. Þessum $\frac{1}{4}$ hluta af framlagi lífeyrissjóðs er skipt á milli hinna einstöku bæjar- og sveitarfélaga í hlutfalli við veitt ellilaun og örorkubætur úr bæjar- eða sveitarsjóði árið áður. Tryggingarstofnun ríkisins tilkynnir hverju bæjar- og sveitarfélagi fyrir 1. okt. ár hvert, hver sé upphæð vaxtanna af ellistyrktarsjóði þess og hver geti orðið hluti þess af $\frac{1}{4}$ lífeyrissjóðsframlagsins samkvæmt 77. gr. 2. tölulið, en bæjar- eða sveitarfélagið leggur jafnháa upphæð á móti og það notar af hluta sínum af $\frac{1}{4}$ lífeyrissjóðsframlagsins.

Upphæð þá, sem til úthlutunar kemur samkvæmt þessum tölulið, má eingöngu nota til styrktar gamalmennum og öryrkjum, sem komizt geta af með styrk, sem nemur minna en hálfum ellilífeyri, eftir því sem næst verður komizt, að hann geti orðið, er lífeyrissjóður hefir tekið til fullra starfa, án þess að leita framfærslustyrks að auki.

2. Afganginn, $\frac{3}{4}$ hluta, af framlagi lífeyrissjóðs samkvæmt 77. gr. 2. tölulið. Hluti hvers bæjar- og sveitarfélags af þessum hluta lífeyrissjóðsframlagsins ákveðst á sama hátt og í 1. tölulið, en miðast við veitt ellilaun og örorkubætur yfirstandandi árs. Í hlut hvers bæjar- og sveitarfélags fellur þó aldrei hærri upphæð samkv. þessum tölulið en til jafns við úthlutað framlag þess úr bæjar- eða sveitarsjóði til ellilauna og örorkubóta á árinu. Hlut hvers bæjar- eða sveitarfélags er skipt á milli einstakra gamalmenna og öryrkja bæjar- eða sveitarfélagsins, annara en þeirra, sem styrks njóta samkv. 1. tölulið og ekki hafa næsta ár á undan notið almenns framfærslustyrks jafnframt ellilaunum og örorkubótum úr bæjar- eða sveitarsjóði og lífeyrissjóði. Má hlutur hvers einstaks ekki nema hærri upphæð en svo, að árleg ellilaun og örorkubætur, sem úthlutað er samanlagt úr lífeyrissjóði og bæjar- eða sveitarsjóði, svari eðlilegum meðalframfærslueyri einstaklings, miðað við það byggðarlag, þar sem hann dvelur. Skal fara um þetta og annað hér að lútandi eftir reglum Tryggingarstofnunar ríkisins, er ráðherra staðfestir.

Að svo miklu leyti sem allt framlag lífeyrissjóðs samkv. 77. gr. fellur ekki til útborgunar á þennan hátt, rennur það aftur inn í lífeyrissjóð, unz það á næsta ári er lagt við framlag hans, er þá verður úthlutað.

81. gr.

Ár hvert skulu bæjar- og sveitarstjórnir ákveða upphæð til úthlutunar ellilaunum og örorkubótum, hver í sínu umdæmi, og ber þeim framlag úr lífeyrissjóði á móti þeim hluta upphæðarinnar, sem er umfram vexti ellistyrktarsjóðs hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags, eftir reglum 80. gr.

Sveitar- og bæjarstjórnir auglýsa árlega í septembermánuði, að fram fari úthlutun á ellilaunum í umdæmum þeirra til 67 ára gamalla manna og eldri, og örorkubótum til þeirra, sem yngri eru, hafa misst meira en helming starfsorku sinnar og njóta ekki styrks samkvæmt lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla sér til framfærslu. Ennfremur til gamalmenna á aldrinum 60—67 ára, sem áður hafa fengið ellistyrk samkv. eldri lögum um ellistyrk.

Umsóknir skulu vera skriflegar, og skal þeim fylgja skýrsla um efnahag og ástæðum umsækjanda, gefin af honum sjálfum, ef unnt er, og vottuð af tveim valinkunnum mönnum, sem vitað er, að vel er kunnugt um hag hans. Skýrslur þessar skulu vera á sérstökum eyðublöðum, er ráðuneytið lætur gera og sendir bæjar- og sveitarstjórnnum.

Umsóknir skulu sendar hreppsnefnd í hreppum, en bæjarstjórnun í kaup- 74
stöðum eða framfærslunefndum, ef til eru. 31. des.

Umsóknum um örorkubætur skal fylgja vottorð tryggingarlæknis eða héraðs-
læknis um heilsufar umsækjanda.

82. gr.

Þegar umsóknarfrestur er liðinn, skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir taka
umsóknirnar til úrskurðar, og skal ákveða þeim gamalmennum ellilaun, sem að
dómi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar teljast hafa þeirra þörf, og jafnframt ákveða,
hve há ellilaun skuli vera til hvers einstaklings. Skal haga úthlutuninni svo, að
gamalmenni, sem ellilauna nýtur, þurfi ekki fyrirsjáanlega að njóta almenns fram-
færslustyrks, og er heimil aukaúthlutun í því skyni, þegar kunn er orðin úthlutun
lífeyrissjóðs.

Til greina við úthlutun koma öll gamalmenni sveitarinnar, sem náð hafa hinu
tilskilda aldursmarki, og jafnt þau, sem áður hafa þegið sveitarstyrk, sem önnur,
ennfremur gamalmenni á aldrinum 60—67 ára, sem áður hafa fengið ellistyrk samkv.
eldri lögum um ellistyrk.

Sömu reglur skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um úthlutun örorkubóta.

83. gr.

Þegar úthlutun ellilauna er lokið, skal senda Tryggingarstofnun ríkisins ná-
kvæma skýrslu um úthlutunina, og í því formi, er hún ákveður.

Í skýrslunni skal tekið fram, hve mikill hluti af hinni úthlutuðu upphæð hafi
verið vextir af ellistyrktarsjóði, og tiltekin upphæð sú, er úthlutuð hefir verið hverju
gamalmenni og öryrkja, ennfremur, hverjir þeirra hafa árið fyrir notið almenns
framfærslustyrks jafnframt ellilaunum eða örorkubótum úr bæjar- og sveitarsjóði
og lífeyrissjóði.

84. gr.

Þegar Tryggingarstofnunin hefir fengið skýrslur af öllu landinu samkv. 83. gr.,
reiknar hún út, hvaða upphæð úr lífeyrissjóði hverju einstöku bæjar- og sveitarfé-
lagi og hverju einstöku gamalmenni og öryrkja ber samkv. reglum 80. gr., og innir
síðan greiðslurnar af hendi til hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga. Greiða svo bæj-
að- eða sveitarstjórnir hlutaðeigandi gamalmennum og öryrkjum til uppbótar hverju
um sinn hlut, ásamt aukaúthlutun samkv. 82. gr., ef fram hefir farið.

VII. KAFLI

Ýms ákvæði.

85. gr.

Nú taka þessi lög eða lög, sem um opinbera framfærslu gilda, að öllu leyti að
sér hlutverk sérstakra opinberra sjóða eða annara sjóða, sem ekki eru eign einstakra
manna, svo sem ýmsra dánargjafasjóða, og skal þá engu að síður skylt að úthluta
árlega úr sjóðnum jafnhárri upphæð og skipulagsskrá hans leggur fyrir eða heimilar
að veita í því skyni. Skal upphæðin greidd til hlutaðeigandi tryggingarsjóðs eða þess
sjóðs, sem hlutverkið hefir tekið að sér. Skylt er opinberum eftirlitsmönnum sjóða
þessara að sjá um, að fyrirmælum þessum sé fylgt.

86. gr.

Auk þess sem gjaldendur eiga að greiða iðgjöld sín til sjúkrasamlaga og Líf-
eyrissjóðs Íslands hver fyrir sig, þá eru menn og skyldir til að leggja fram gjöldin
fyrir aðra, eins og hér segir:

- 74 1. Hjón bera sameiginlega ábyrgð á iðgjöldum beggja meðan hjónabandinu er
31. des. ekki slitið að lögum, enda séu þau til heimilis í sama hreppi.
2. Foreldrar og fósturforeldrar eiga að inna af hendi iðgjöld fyrir börn sín og upp-
eldisbörn, sem vinna hjá þeim, eru á þeirra vegum eða þeir kosta til náms.
3. Húsbændur greiða iðgjöld fyrir hjú sín og annað þjónustufólk.
4. Iðnaðarmenn greiða iðgjöld fyrir starfsmenn (iðnnema og sveina) sína.
5. Atvinnurekendur greiða iðgjöld fyrir fasta starfsmenn sína.

Nú gefur félagsmaður í atvinnuleysissjóði ávísun fyrir iðgjöldum sínum, til handa sjóðnum, á ógreidd vinnulaun hjá atvinnurekanda, og skal atvinnurekanda þá skylt að greiða ávísunina, enda hafi honum verið sannanlega tilkynnt um ávísunina áður en kaupgjaldsgreiðslan fer fram. Sama gildir um ávísun fyrir iðgjöldum til sjúkrasamlaga og Lífeyrissjóðs Íslands.

Peir, sem þannig greiða gjöld fyrir aðra, hafa rétt til að halda gjaldinu eftir af kaupí þeirra.

87. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bóta- eða lífeyriskröfur eða kröfur til atvinnuleysisstyrkja samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær lögghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

88. gr.

Öll iðgjöld og önnur framlög til sjúkrasamlaga og tryggingarsjóða samkvæmt lögum þessum koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 6 9. jan. 1935, og njóta forgangsréttar í dánar- og þrotabúum, samkvæmt 83. gr. b. 3. skiptalaganna frá 12. apríl 1878. Gjöldin hafa öll lögtaksrétt samkvæmt lögum nr. 29 16. des. 1885, og má taka þau lögþaki hjá gjaldanda og þeim, sem ábyrgð ber á greiðslunni, sbr. 86. gr.

89. gr.

Heimilt er ráðherra að semja við erlendar tryggingarstofnanir um gagnkvæm hlunnindi íslenzkra og erlendra þegna, hvað snertir tryggingar gegn slysum, sjúkdómum, örorku, elli og atvinnuleysi.

90. gr.

Ákveða má í reglugerðum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, að brot gegn ákvæðum þeirra varði sektum, 50—1000 kr., er renni í sjóð hlutaðeigandi tryggingardeildar.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

91. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda jafnskjótt og þau öðlast gildi. Menn, sem voru orðnir fullra 60 ára 1. apríl 1936, eru þó undanþegnir iðgjaldagreiðslu til Lífeyrissjóðs Íslands.

Lífeyrsgreiðslur hefjast þegar hinir tryggðu hafa með iðgjaldagreiðslum sínum eignast rétt til 12½% af fullum lífeyri.

92. gr.

Fallin eru úr gildi:

Lög nr. 65 7. maí 1928, um samstjórn tryggingarstofnana landsins.

Lög nr. 72 8. sept. 1931, um slysatryggingar.

Lög nr. 103 19. júní 1933 um sjúkrasamlög.

Lög nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Lög nr. 68 19. júní 1933, um breyting á síðastnefndum lögum.
Öll önnur ákvæði laga, sem í bága fara við lög þessi.

74
31. des.

Bráðabirgðaaákvæði.

Að svo miklu leyti sem ákvæði laga þessara kunna að koma í bága við samninga einstakra sjúkrasamlaga við lækna eða aðra, ganga lögin að því leyti ekki í gildi fyrr en þeir samningar eru úr gildi fallnir, enda verði þeim sagt upp svo fljótt sem samningar heimila.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

75
31. des.

um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 7. gr. laga, dagsettra í dag, um breyting á lögum nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., höfum látið fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 42 13. júní 1937, um viðauka við lög nr. 121 12. des. 1935, inn í lög nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., og gefum þau hér með út svo breytt:

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar sjö manna fiskimálanefnd. Skipar atvinnumálaráðherra einn mann, en hinir sex skulu tilnefndir af þessum aðilum, einn af hverjum: Alþýðusambandi Íslands, botnvörpuskipaeigendum, Fiskifélagi Íslands, Landsbanka Íslands, Útveggsbanka Íslands h/f og Sambandi ísl. samvinnufélaga.

Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn, og skulu jafnframt skipaðir jafnmargir varamenn eftir tilnefningu sömu aðilja. Nefndarmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík, eða svo nærri, að þeir geti auðveldlega sótt þar fundi. Stofnanir þær, sem tilnefna menn í nefndina, geta þó skipt um aðalmenn og varamenn að ári liðnu frá síðustu tilnefningu, enda komi samþykki ráðherra til.

Nú vanrækir einhver framangreindra stofnana að tilnefna mann í nefndina, og skipar þá ráðherra mann í hans stað.

Nefndin kys sér formann og varaformann til eins árs í senn.

Nefndin getur ráðið sér fulltrúa til að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur.